

## ✉ Re: Umsögn óskast - Tillaga að breyttu aðalskipulagi á vinnslustigi - Gosminnisvarði

Búið til	2.1.2023 15:43:45
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	2.1.2023 15:43:44
Tilheyrir	📁 202212-0029 - Tillaga að breyttu aðalskipulagi á vinnslustigi - Gosminnisvarði

### Efni

Re: Umsögn óskast - Tillaga að breyttu aðalskipulagi á vinnslustigi - Gosminnisvarði

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	2.1.2023 15:43:44	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	dagny@vestmannaeyjar.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

### Innihald

Góðan dag og gleðilegt nýtt ár,

Tilvísun í mál nr. 202212-0029 (SS, IAS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar, dags. 19. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 á vinnslustigi, vegna uppsetningar minnisvarða í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá lokum Heimaeyjargos.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu vegna tillögunnar sem og væntanlegrar deiliskipulagstillögu þann 20. desember 2022. Vísað er í þær ábendingar sem þar koma fram, og ítrekað að erfitt er að leggja endanlegt mat á umhverfisáhrif af byggingu minnisvarðans fyrr en tillaga að deiliskipulagi liggur fyrir. Náttúrufræðistofnun áskilur sér því rétt á frekari athugasemdum um deiliskipulagið síðar. Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.

www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



**From:** "Dagný Hauksdóttir" <dagny@vestmannaeyjar.is>  
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>  
**CC:**  
**Subject:** Umsögn óskast - Tillaga að breyttu aðalskipulagi á vinnslustigi - Gosminnisvarði  
**Date:** 19.12.2022 12:12:40

Góðan dag,

Bæjarráð Vestmannaeyja samþykkti 14. desember 2022 að kynna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 á vinnslustigi, vegna uppsetningar minnisvarða í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá lokum Heimaeyjargos.

Aðalskipulagsbreytingin skilgreinir svæði sem breytingarnar ná til og staðsetningu minnisvarðans, og felur í sér breytingar á skilmálum skipulagsins til að rúma uppsetningu minnisvarða á Óbyggðu svæði ÓB-3 og nýjar gönguleiðir og útsýnisstaði á Hverfisvernduðu svæði HV-9.

Breyting styður við meginmarkmið Aðalskipulags Vestmannaeyja um að Eyjarnar taki vel á móti ferðamönnum, um uppbyggingu styrkra innviða í sátt við náttúru og að gott aðgengi að helstu ferðamannastöðum frá miðbænum.

Skipulagsgögnin eru til sýnis hjá Umhverfis- og framkvæmdasviði Skildingavegi 5, frá og með 19. desember 2022 til 4. janúar 2023 og má einnig finna í skipulagsgátt á vefsíðu sveitafélagsins.

Á skilgreindu tímabili er umsagnaraðilum og íbúum boðið að hafa samand við skipulagsfulltrúa og óska eftir fundi sé þess óskað. Þegar tillaga að deiliskipulagi á vinnslustigi liggur fyrir er fyrirhugað að halda íbúafund sem umsagnaraðilum verður boðið að sækja.

Unnið verður að úrvinnslu umsagna sem berast vegna skipulagslýsingar og við tillögu að breytingu aðalskipulags á vinnslustigi, við gerð skipulagsáætlana fyrir formlega auglýsingu.

Það verður aftur leitað umsagnar Náttúrufræðistofnunnar Íslands þegar skipulagið fer í auglýsingu. Minnt er á að ekki er gerð krafa um að svara umsögnum á vinnslustigi og að ítreka þarf umsagnir þegar skipulagið fer í formlegt auglýsingaferli, sé ekki talið að brugðist hafi verið við umsögnum með fullnægjandi hætti eða til að vekja opinbera athygli á viðfangsefnum.

Meðfylgjandi er tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 á vinnslustigi.

Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar vil ég óska umsagnar Náttúrufræðistofnunnar Íslands til og með 4. janúar 2023.

Kær kveðja,

Dagný Hauksdóttir

Skipulags- og umhverfisfulltrúi

Vestmannaeyjabær

S 488 2530

Netfang: dagny@vestmannaeyjar.is (mailto:dagny@vestmannaeyjar.is)

www.vestmannaeyjar.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.vestmannaeyjar.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C600e1970440a4f4a040108dae1ba4c27%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638070487594687889%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C&sdata=Q7djkjZ6KO1j7JzywGxp88J2Ay4h7ORKXGwfEcamJtM%3D&reserved=0)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við yður að fara eftir 2. mgr.

44. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 (<http://www.althingi.is/altext/stjt/1999.107.html>  
(<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.althingi.is%2Faltext%2Fstjt%2F1999.107.html&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C600e1970440a4f4a040108dae1ba4c27%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638070487594687889%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IkhawwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=eix775CuYStGSllqUdzkeRSpXbjLxx216kQEajDez7g%3D&reserved=0>) ) og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist yður. This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.